

Reykjavík 11. júlí 2011.

Efni: Útfösun eldri útgáfu XPS kerfis Greiðsluveitunnar (Visa-B kerfið).

Ágæti viðtakandi.

Eins og þér er sjálfsagt kunnugt um rekur Greiðsluveitan í dag tvær útgáfur miðlægs innhringi- og færslusöfnunarkerfis (XPS kerfið). Nýrri útgáfan nýtir staðla eða tækniforskriftir (á XML sniði) sem styðja hina nýju örgjörvatækni sem verið hefur að ryðja sér til rúms í greiðslukortaviðskipum hér á landi. Eldri gerð kerfisins gerir það ekki og í því ljósi hefur verið ákveðið að hefja útfösun þess kerfis sem miðar að því að starfrækslu þess verði hætt í október á næsta ári og verði þá þau samskipti sem nú fara í gegnum eldra kerfið komin yfir á það nýja.

Útfösunin fer fram í eftirfarandi skrefum:

Júlí 2011

Slökkt á TEST kerfi

- Engar nýjungar eða uppfærslur verða gerðar á VISA-B kerfi Greiðsluveitunnar.
- Ekki gerðar úttektir á nýjum kerfum/uppfærslum eldri kerfa sem áfram eiga að tengjast VISA-B kerfinu.

Október 2011

Slökkt á annarri aðalvélinni

- „Cluster“ á aðalckerfi brotinn upp þannig að aðeins verður keyrt á annarri aðalvélinni sem staðsett verður á Kalkofnsvegi.
- Varakerfi enn til staðar og keyrir það einnig á Kalkofnsvegi.
- Módem staðsett á Kalkofnsvegi og í Seli (varasetur).

Maí 2012

Slökkt á varakerfi

- Kerfið keyrir aðeins á einni vél, ekkert varakerfi til staðar.
- Módemum fækkað umtalsvert.

Október 2012

Slökkt alfarið á VISA B kerfinu

- Allar heimildarbeiðnir og bunkar þurfa þá að nota XML færslusnið og fara þar með í gegnum nýrri útgáfu XPS kerfisins.

Eins og sjá má á ofangreindu viljum við hvetja þá aðila sem enn eru að nýta sér eldra kerfi Greiðsluveitunnar að draga það ekki um of að færa sig yfir í nýja kerfið. Með þeim hætti næst að

fylgja þeirri framþróun sem þegar er farin af stað í greiðslukortaviðskiptum sem og tryggja áfram afar hátt öryggisstig í kerfinu sem heild.

Ef þörf er á nánari skýringum bið ég viðkomandi um að hafa samband við Ólaf Davíð Bjarnason hjá Greiðsluveitunni í síma 458-0000 eða með tölvupósti á olafur@greidsluveitan.is.

Logi Ragnarsson
framkvæmdastjóri.

Athugið að þessar upplýsingar verða birtar á vefsíðu Greiðsluveitunnar www.greidsluveitan.is innan tíðar. Að sama skapi verða þær sendar hinum ýmsu þjónustuveitendum á sviði greiðslumiðlunar á Íslandi sérstaklega. Til að minnka hættu á að þetta fari fram hjá einhverjum sem málið varðar biðjum við viðtakanda þessa bréfs að upplýsa sína viðskiptavini um þá breytingu sem í farvatninu er og lýst er hér að ofan.